

Ed.

666. Frumvarp til laga

[102. mál]

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Öll íslensk skip, sem búin eru talstöð, önnur en varðskip, skulu tilkynna:

- a) brottför skipsins úr höfn;
- b) staðsetningu skipsins a. m. k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip samkvæmt ákvörðun eftirlitsmiðstöðvar og farþegaskip eftir aðstæðum;
- c) komu skipsins í höfn.

2. gr.

Texti tilkynningarinnar skal vera sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður og tími.

Á sjó: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími.

Við komu í höfn: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustaður og tími.

3. gr.

Öllu hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í tilkynningarreiti. Við tilkynningum af reitum þessum taki síðan strandstöðvar, beint eða um aðrar stöðvar ef beint samband næst ekki. Tilkynningarnar skal senda strax til eftirlitsmiðstöðvar,

sem fylgist með að engar skyldutilkynningar vanti. Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

4. gr.

Náist ekki beint samband við landstöðvar, skal tilkynna með aðstoð eftirlits-
skips, sé það á miðunum, annars um önnur skip.

5. gr.

Fiskibátar, sem eigi eru búnir talstöðvum, skulu tilkynna viðkomandi eftir-
litsstöð eða þeim, er hún tilnefnir, brottför sína, áformaðar ferðir og komu, sam-
kvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem sett skal í samráði við Siglingamálastofnun
ríkisins og Slysavarnafélag Íslands.

6. gr.

Stærð tilkynningarreita þeirra, sem um ræðir í 3. gr., ákvarðast af eftirlitsmið-
stöð í Reykjavík og skal hún sjá um útgáfu og dreifingu reitakorta.

Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

7. gr.

Landssími Íslands skal sjá um að strandstöðvar séu til staðar til móttöku
þessara tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsmiðstöðvar.

Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land,
sem húa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu
nýrra strandstöðva.

8. gr.

Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn tilkynningarskyldunnar og eftirlits-
miðstöðvarinnar í Reykjavík.

9. gr.

Fyrir þjónustu tilkynningarskyldunnar greiða eigendur skipanna til Landssíma
Íslands ákveðið gjald. Skal það miðast við stærð skips.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum sem fari hækkandi við ítrekuð brot.
Sektarfé skal renna til ríkissjóðs.

11. gr.

Allur kostnaður við tilkynningarskylduna, þar með talinn fjarskiptakostnaður,
greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Ákveða skal með reglugerð greiðslu útgerðanna til Landssíma Íslands svo og
um nánari framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.